

Professional P6

Auðprifin akrýlmálning



Efnislýsing

Professional P6 er mött, vatnspynnaleg 100% akrýlmálning. Hún er afar slitsterk og með háan þvottheldnistuðul þrátt fyrir fallega matt yfirborðið. P6 þekur vel, hefur gott flot og því auðvelt að mála með henni. Hún hentar á nær allar gerðir undirlags innandyrar; jafnt á grunnmálaða spartlaða fleti í nýbyggingum sem til almennrar endurmálunar.

Meðhöndlun

Nýmálun

1. Spartlið flötinn ef þörf krefur.
2. Hreinsið laust spartl, gífsleifar og ryk. Tryggið að flöturinn sé laus við fitu og önnur óhreinindi.
3. Best er að grunna ómálaða fleti með einni umferð af Professional Microdispers eða Professional Grund+ áður en málað er.
4. Málið 1-2 umferðir af Professional P6.

Endurmálun

1. Óhreina málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað lausbundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers áður en málað er.
2. Spartlið flötinn ef þörf krefur. Blettgrunnið spartlaða fleti með Professional Grund+.
3. Málið 1-2 umferðir af Professional P6.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósin vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleyfum í niðurföll. Skilið efnaleyfum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss
Bindiefni: 100% Akrýl
Gljástig: Matt 6%
Brunaflokkur: Uppfyllir kröfur fyrir brunavörn flokk Bs1, d0 skv. vottun SC0710-15
Þvottheldni: Flokkur 1 skv. EN13300
Snertipurrt: 2 klst
Yfirmálun: 6 klst
Lágmarkshiti við málun: +5°C
Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%
Þynning: Vatn
Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur
Þekja: 8-10 m²/l
Pakkningar: 2,5 og 10 lítra dósir
Litir: Allir litir
Hreinsun: Sápuvatn
Geymsla: Í frostfríu rými
Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/a) 30 g/l):
Inniheldur mest 1 g/l

